

Hulda Kristjánsdóttir

From: Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir <karen@asi.is>
Sent: fimmtudagur, 6. mars 2025 16:09
Subject: Upplýsingabeiðni á grundvelli upplýsingalaga - útvistun ræstinga- og þrifa starfa
Attachments: 3312_001.pdf

Góðan daginn.

Í viðhengi er beiðni ASÍ, SGS og Eflingar um nánar tilgreindar upplýsingar á grundvelli upplýsingalaga er varða útvistun ræstinga- og þrifastarfa. Erindi þetta berist til sveitastjóra/sveitastjórnar. Óskað er svara á þetta netfang eða netfangið steinunn@asi.is.

Öllum frekari spurningum má beina til mín.

Kær kveðja,




Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir

lögfræðingur

Guðrúnartúni 1 · 105 Reykjavík

Sími 535-5617 · www.asi.is · [Fyrirvari](#)



Berist til sveitarstjórnar

Reykjavík, 6. mars 2025

Varðar: Upplýsingabeidni á grundvelli upplýsingalaga, nr. 140/2012 um útvistun sveitarfélags á ræstingu og þrífum

Á síðustu vikum hefur skapast þörf umræða um aðstæður og kjör ræstingarfólks hér á landi. Ljóst er að almannafé hefur í stóru mæli verið nýtt til útvistunar ræstinga og þrifa með sparnað að leiðarljósi. Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Starfsgreinasamband Íslands (SGS) og Efling-stéttarfélag gáfu út yfirlýsingu þann 20. febrúar sl. þar sem siðlaus framkoma gagnvart ræstingarfólki var fordæmd.¹

Umfang útvistunar ræstinga- og þrífaverkefna

ASÍ, SGS og Efling óska eftir upplýsingum um öll þau ræstinga- og þrífaverkefni sem sveitarfélagið hefur útvistað á almanaksárunum 2019 til og með 2024. Er þess óskað að upplýsingarnar tilgreini eftirfarandi:

- Fjöldi verkefna
- Hvaða stofnun nýtir þjónustunnar
- Kaupverð samkvæmt greiddum reikningum
- Hvaða fyrirtæki er seljandi þjónustunnar
- Útboðsgögn og mótttekin tilboð fyrirtækja

Framkvæmd útboða og eftirlit

Jafnframt er óskað upplýsinga um það í hvaða útboðum á sviði ræstinga og þrifa sveitarfélagið hefur sett eftirfarandi heimildarákvæði laganna um hæfi bjóðenda í útboðsskilmála:

- a) Heimild til höfnunar gerð samnings um lægsta tilboð ef hægt er að sýna fram á að það uppfyllir ekki kjarasamninga og félagsleg réttindi, sbr. 3. mgr. 66. gr. og d - lið 1. mgr. 81. gr. laga um opinber innkaup, nr. 120/2016
- b) Heimild til útilokunar fyrirtækis frá þátttöku í innkaupaferli á grundvelli brota þess á sviði félagsmála og vinnuréttar, sbr. 6. mgr. 68. gr. sömu laga
- c) Heimild til þess að greiða vangoldnar verktakagreiðslur til starfsmanna á kostnað aðalverktaka, sbr. 2. mgr. 88. gr. a sömu laga
- d) Almenn eftirlit með kjörum og aðbúnaði starfsfólks verkseljanda

Í þeim tilvikum þar sem ofangreind heimildarákvæði hafa verið í útboðsskilmálum er óskað eftir upplýsingum um þau tilfelli sem fyrirtæki hefur verið útilokuð á grundvelli umræddra heimilda.

Virðingarfyllst,
F.h. ASÍ, SGS og Eflingar

Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir, lögfr. hjá ASÍ